

Jóna Valborg Árnadóttir  
Elsa Nielsen

# VINAABOKIN

Fyrir þá sem  
eru enn að stækka!



Kennsluleiðbeiningar  
Jóna Valborg Árnadóttir 2015



## TIL KENNARA

*Vinabókin* er sjálfstætt framhald *Knúsbókarinnar* sem kom út haustið 2014 og Brosbókarinnar sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2013. Er sögunum ætlað að efla skilning barna á eigin tilfinningum og annarra og hjálpa þeim að færa þessar tilfinningar í orð. Upphaflega voru bækurnar ekki hugsaðar sem kennslubækur en þar sem þær falla vel að einum grunnþætti menntunar sem skilgreindur er í aðalnámskrá grunnskólanna, heilbrigði og velferð, þótti við hæfi að kynna þær fyrir kennurum í leik- og grunnskóla og auka þannig möguleika þeirra á námsefnisvali.

### Hvernig nýtist *Vinabókin* í kennslu?

Það skiptir börn miklu máli að eiga vin. Aðstæður sem skapast þegar barn á ekki vin eða breytingar verða á vinasambandi, eins og þegar vinur flytur annað, eru líklegar til að valda börnum vanlíðan og ýta undir óöryggi (<http://www.kolbrunbaldurs.is/eg-a-engan-vin>). Þá getur verið gott að eiga bók eins og *Vinabókina* sem hvetur börn til að ræða um vináttuna og þá stöðu sem þau eru í. Sagan endar á opinni spurningu sem gefur færi á þessu samtali. Hægt er að ræða um vináttuna út frá mörgum hliðum með hliðsjón af sögunni, til dæmis: Hvernig tókum við á móti nýjum nemanda í skólanum? Hvernig líður okkur þegar einhver skilur okkur út undan? Hvernig líður okkur þegar við erum einmana? Hversu miklu máli skiptir það okkur að eiga vin? Hvað er góður vinur? Hvernig vinur ert þú? Átt þú vin? Gildi jákvæðra samskipta er meginefni *Vinabókarinnar* og er henni ætlað að fá nemendur til að tjá sig, setja sig í spor annarra og stuðla að samkennd og samvinnu. Jafnframt er henni ætlað að efla ímyndunarafl og skerpa athyglisgáfu. Myndskreytingar Elsu Nielsen gegna þar veigamiklu hlutverki, því þær vísa oftast ekki út fyrir sjálfan textann og geta skapað önnur hugrenningartengsl. Staldrá þarf við myndirnar þegar ástæða þykir til og ef börnin kalla eftir því.

### Um kennsluefnið

Til að gefa hugmyndir að því hvernig nálgast megi efnið eru hér settar fram spurningar og verkefni fyrir kennara til að styðjast við í kennslu samhliða lestri bókarinnar. Kennsluefnið er hugsað sem hugmyndabanki sem hægt er að velja úr og byggja upp á fjölbreyttan hátt, allt eftir því hvað hentar hverjum kennara og hópum. Það er nógu viðamikilið svo hægt sé að nota það í þemavinnu en það er líka hnitmiðað og má nota í eitt til þrjú skipti. Efninu er ætlað að hvetja til samræðna og því mikilvægt að nægur tími gefist til þess og að hlustað sé á börnin. Gengið er út frá því að allir taki þátt og miðast kennsluáferðirnar við það. Notast er við umræðu- og spurnaraðferðir, hóp- vinnuverkefni, ritun og leikræna tjáningu. Með leikrænni tjáningu öðlast nemendur þjálfun í því að vinna saman, því hún gerir þær kröfur til þeirra að þeir hlusti og bregðist við orðum annarra og athöfnum.





## Um höfundinn

Jóna Valborg Árnadóttir setur kennsluefnið saman en hún er höfundur hugmyndar og texta *Vinabókarinnar*. Jóna er með M.Paed gráðu í íslensku og kennslufræði og MS gráðu í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Hún hefur haldgóða reynslu af því að semja námsefni og kenna nemendum á ýmsum aldri íslensku, lífsleikni og leiklist.

## Stuðningur við túlkun

Það má segja að ljóðið Hugsjón, eftir Dag Sigurðarson sem er á titilsíðu *Vinabókarinnar*, ramma inn boðskap sögunnar. Samvinna, samvera, umburðarlyndi og skilningur á fjölbreytileika mannlífsins er hér nátengt og sú staðreynd að við getum, hvert og eitt okkar, lagt okkar af mörkum til að skapa vinsamlegan heim. Til að undirstrika það birtir sagan tvo andstæða póla, annars vegar þegar Sóla vinnur með pabba og hins vegar þegar hún vinnur með Skorra. Pabbi er á vissan hátt tákn forræðishyggjunnar, hann fyrirskipar, leyfir Sólu ekki að taka þátt, vill stýra og treystir henni ekki fyrir verkinu; hann telur sér trú um að hún geti ekki því hún sé svo lítil. Að endingu gefst pabbi upp og setur hana fyrir framan sjónvarpið. Hann eiginlega útilokar hana, eflaust því það er svo þægilegt fyrir hann. Á sama tíma birtist þörf Sólu fyrir að vera í samvistum við pabba sinn. Með Skorra vinnur Sóla hins vegar vel, þau virðast ekki gera sér neinar fyrirfram mótaðar hugmyndir um hvort annað, þau vinna saman, mætast sem jafningjar, hjálpast að og útkoman er eftir því. Segja má að pabbi túlki raunveruleikann en þegar Sóla óskar sér þess að hún eigi vin verða hvörf í sögunni. Það opnast fyrir ímyndaðan heim barnsins þar sem engir árekstrar eru og fólk lifir sameinað en ekki sundrað, þrátt fyrir að það sé ólíkt. Börn eru í eðli sínu fordómalaus og því er það pabbinn sem tekur út mesta þroskann í sögunni (hann er eins og að springa inni í kofanum). Það eru Sóla og Skorri sem opna augu hans og fá hann til að átta sig. Sóla þroskast vissulega líka í sögunni því hún tekst á við einhvers konar ótta þegar hún ákveður að smíða kofann, með eða án pabba. Hún getur sjálf og stendur á vissan hátt uppi sem sigurvegari. Hún lætur ekki tala sig niður. Það að Skorri skuli koma og taka þátt í verkefninu er ekki gert til að sýna að stelpur þurfi karlmann sér til aðstoðar, eða hreinlega þurfi vin, því það kemur berlega í ljós að Sóla færi alla leið sjálf. Samvinna þeirra undirstrikar fyrst og fremst mikilvægi þess að við komum fram við hvert annað af virðingu og setjum ekki fólk í hópa eftir staðalímyndum; við erum fyrst og fremst einstaklingar. Undirtitillinn segir að *Vinabókin* sé „Fyrir þá sem eru enn að stækka“ og er þá ekki síður átt við þá sem eru enn að þroskast og vitkast - og það gerum við vonandi alla lífsleiðina.

## Vísun í klassísku ævintýrin

Eins og fyrri bækurnar tvær getur *Vinabókin* gerst hvar sem er og hvenær sem er. Sögurnar eru raunverulegar en samt ekki, allt getur gerst. Til að skapa þennan óræða heim leikur höfundur sér að ýmsum ævintýraminum og setur jafnvel í nýtt samhengi. Það er ekki síður gert til að koma á óvart og hreyfa við þeim fyrirfram mótuðu hugmyndum sem við höfum um tiltekna hópa og virkja ímyndunaraflíð. Hvernig bregðast nemendur til dæmis við því að nýi nágranni Sólu og Skorra sé norn? Má ekki reikna með því að hún loki þau inni, éti þau eða skaði á annan hátt, eins og norna er síður? Hvernig fór til dæmis fyrir Mjallhvíti eða Hans og Grétu? Hvað gera Sóla og Skorri þá? Eða er þetta kannski bara góð norn eins og nornin í



Brosbókinni? Geta nornir verið góðar? Í *Vinabókinni* má líka sjá vísun í dvergana sjö því Skorri á sex bræður og allir eru þeir fremur lágvaxnir. Það er alls ekki nauðsynlegt að lesendur tengi þessar persónur við samnefnd ævintýri, en ef þeir gera það þá er það bara skemmtileg viðbót. Nemendur geta skapað sitt eigið ævintýri í framhaldinu þar sem allt getur gerst. Eftir sem áður er kórónan „falin“ á hverri opnu sem veitir upp spurningum um það hvort Sóla sé prinsessa, eða skiptir það kannski ekki máli?

## HUGMYNDABANKINN

Miðað er við að kennari byrji á að lesa *Vinabókina* fyrir nemendur eða þeir skiptist á að lesa upp úr bókinni fyrir bekkinn. Gott getur verið að gefa nemendum tækifæri til að undirbúa sig, til dæmis með því að lesa bókina heima eða í tíma, þá hver fyrir sig. Síðan verði farið í umræður og verkefnavinnu. Þær spurningar sem hér hafa verið settar upp til umræðu má nota á ýmsa vegu. Kennari getur varpað völdum spurningum fram og skrifað svör nemenda upp á töflu, hann getur líka setið í hring með nemendum og rætt efnið eftir þörfum þeirra og haft spurningarnar sér til stuðnings. Þá má bjóða nemendum að svara spurningunum á blaði og/eða myndskreyta. Um einstaklings- og/eða hópvinnuverkefni getur verið að ræða, þar sem nemendum er gefinn kostur á að ræða sín á milli í litlum hópum. Fleiri verkefni eru tilgreind á eftir spurningunum og jafnframt má finna ýmsa skemmtilega „samvinnuleiki“ á slóðinni: [http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/3685\\_read-8751/4197\\_view-93/](http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/3685_read-8751/4197_view-93/)

### Til umræðu - hugmyndir að spurningum

- Af hverju þykir Sólu vænt um nafnið sitt?
- Hvað kallar pabbi Sólu? Af hverju gerir hann það? Hvað finnst Sólu um uppnafni pabba?
- Hvað stingur pabbi upp á að Sóla og hann geri þegar þau eru ein heima? Hvernig líst Sólu á það?
- Hvernig gengur Sólu og pabba að vinna saman í eldhúsinu? Hver ætli ástæðan sé fyrir því? Hvernig ætli Sólu líði yfir framkomu pabba í sinn garð?
- Hvernig bregst pabbi við þegar Sóla biður hann um að koma út að leika? Af hverju gerir hann það? Hvað ætli Sólu finnst um viðbrögð pabba?
- Hvers óskar Sóla sér þegar hún er komin út? Af hverju ætli hún geri það?
- Hvað hefur Sólu alltaf langað að gera með pabba? Af hverju hafa þau enn ekki látið verða af því?
- Hvað ákveður Sóla að gera á meðan hún bíður eftir pabba? Hvernig heldur þú að henni gangi að vinna verkið? Hvað bendir til þess? Hvað hefðir þú gert í hennar sporum?
- Hvernig bregst Sóla við þegar hún er spurð að því hvort hún vilji leika? Hver er það sem spyr? Hvað stingur Sóla upp á að þau geri?
- Hvernig gengur Sólu og nýja vininum að vinna saman? Hvað veldur því?
- Á hvaða hátt er framkoma Sólu við Skorra öðruvísi en framkoma pabba við hana?



- Hvernig bregst þabbi við þegar hann sér nýbyggðan kofann? Hvernig birtast viðbrögð hans í myndskreytingum?
- Hvað segir Skorri sem gerir þabba svo undrandi? Hvað á Skorri við með orðum sínum?
- Hvað á þabbi við þegar hann segir: „Margur er knár, þó hann sé smár“? Er eitthvað til í því?
- Þabbi áttar sig á því að allir geti hjálpast að. Hvað á hann við með því? Hvernig getum við hjálpað hvert öðru? Er það mikilvægt? Að hvaða leyti?
- Hver er að flytja í næsta hús við Skorra? Er einhver ástæða til að óttast nýja nágrannann? Hvað bendir til þess?
- Hvernig vinur er Skorri? Lýstu honum með nokkrum orðum.
- Hvernig vinur er Sóla? Lýstu henni með nokkrum orðum.
- Lestu ljóðið Hugsjón eftir Dag Sigurðarson á titilsíðu. Hvað er átt við með því? Hvernig tengist það efni Vinabókarinnar? Hvað þýðir orðið hugsjón? Myndskreyttu ljóðið.
- Undirtitill *Vinabókarinnar* er „Fyrir þá sem eru enn að stækka!“ Við hverja er átt? Hvaða persóna stækkar mest í sögunni og hvernig má sjá það? Hvað merkir undirtillinn í samhengi við söguna?
- Skoðaðu myndirnar vel og taktu eftir því hvort og hvenær þær bæta einhverju við textann. Hvað sýna myndirnar sem textinn segir ekki frá? Hver er tilgangurinn með þessu? Hvaða hlutverki gegna til dæmis bræður Skorra í sögunni?
- Í *Vinabókinni* má finna nokkrar vísanir í klassísku ævintýrin. Getur þú fundið þær?
- Af hverju ætli bókin heiti *Vinabókin*? Hvaða þýðingu hefur vinátta fyrir þig?
- Má læra eitthvað af *Vinabókinni*? Hvað þá helst?

## Ritun, tjáning og myndlýsingar

- Hvað er góður vinur? Kennari spyr hópinn og skrifar svör nemenda upp á töflu.
- Hvernig vin vilt þú eiga? Nemendur teikna mynd af vini og geta valið orð af töflunni úr verkefninu á undan til að tengja við mynd.
- Hvernig vinur ert þú? Nemendur teikna mynd af sér og geta valið orð af töflunni úr verkefninu á undan til að tengja við mynd.
- Hvað finnst þér skemmtilegt að gera með vinum þínum? Nemendur skrifa svörin á blað eða teikna mynd.
- Kennari spyr neðangreindra spurninga yfir hópinn og skrifar svörin upp á töflu. Hann getur líka skipt nemendum í hópa og látið hvern hóp fá eina spurningu til að ræða og kynna svo. Einnig væri hægt að fá nemendur til að búa til leikrit með hliðsjón af spurningunum.



- Er mikilvægt að eiga vin? Af hverju? Hvernig líður okkur ef við fáum ekki að vera með?
  - Þurfa vinir að vera eins? Hvernig væri ef allir krakkarnir í bekknum væru eins? Hvað fáum við út úr því að vera ólík?
  - Hvað er vinátta? Hvernig verður vinátta til? Hvað er mikilvægt í vinasambandi? Af hverju þurfum við að koma vel fram við aðra, eins og skólafélaga, foreldra og systkini?
  - Hvað getum við gert til að öðrum líði vel í hópnum okkar?
  - Veltu fyrir þér orðinu óréttlæti. Getur þú nefnt dæmi um óréttlæti. Má finna óréttlæti í *Vinabókinni*? Hvar þá helst?
  - Veltu fyrir þér orðinu fordómar? Getur þú nefnt dæmi um fordóma? Eru fordómar óréttlátir? Hvernig þá?
  - Hvernig getum við hjálpast að, í skólanum, heima fyrir og í samfélaginu öllu?
- Þekkir þú söguna á bak við nafnið þitt? Taktu viðtal við foreldra þína eða aðra sem þekkja til og fáðu að vita hvernig þeir fóru að því að velja nafnið þitt. Hafðu í huga að nafnið okkar er partur af sjálfsm mynd okkar og það að vera uppnefndur getur haft áhrif á líðan okkar.
- Í lok *Vinabókarinnar* bendir pabbi Sólu og Skorra á að það sé kona að flytja í næsta hús við þeirra. Hver er þessi kona og hvernig ætli nýju nágrönnunum gangi að búa saman? Skrifaðu framhald *Vinabókarinnar* með sömu persónum og sjáðu hvað gerist. Verður kannski til nýtt ævintýri?
- Þetta verkefni má auðveldlega laga að hverjum hópi fyrir sig. Hægt er að teikna mynd í stað þess að skrifa og vinna verkefnið sem einstaklings- jafnt sem hóp- vinnuverkefni. Ef nemendur teikna mynd þá er kjörið að allir hjálpist að við að festa myndirnar upp á vegg og síðan verði haldin „sýning“. Ef um hóp vinnuverkefni er að ræða væri upplagt að gefa hópunum kost á að setja sögurnar á „svið“ og sýna fyrir framan bekkinn.
- Kennari biður nemendur um að nefna persónur, hluti og orð sem þeim dettur fyrst í hug að eru mikilvægastir fyrir söguna og skrifar þá skipulega upp á töflu. Þetta geta verið orð eins og *vinur, kofi, töfrasproti, kaka, norn* og *Sóla*. Þar næst biður hann nemendur um að nefna einhver orð út í bláinn og skrifar þau á sama hátt upp á töflu. Þetta geta verið orð eins og *mótorhjól, flugvél, söngvakeppni, lakkrísrör* og *Grettir*. Því næst biður kennari nemendur um að nota öll orðin á listanum til að búa til sitt eigið ævintýri. Það getur birst sem mynd, rituð saga eða sem leikrit.

## Leikræn tjáning

Leikið atriðið þegar Sóla og Skorri hittast fyrst, nema að nú þegar Skorri biður Sólu um að leika þá segir hún nei. Hvernig bregst Skorri við og hvað gerist á milli þeirra í framhaldinu? Reynir Skorri að sannfæra Sólu um að leika við sig eða hefur Sóla einhverja ástæðu fyrir því að haga sér svona? Kemur kannski einhver þeim til aðstoðar? Setjið ykkur í spor persóna, komið ykkur saman um atburðarás og leikið fyrir framan bekkinn. Gott væri að miða við tvo til fjóra saman í hópi.



## Æfingar með traust

Í lok æfinga getur kennari leitt umræður og spurt spurninga eins og: Hvernig fannst ykkur að fá aðstoð við að vita hvenær þið ættuð að stoppa? Treystuð þið hinum til að hjálpa ykkur að vita hvenær þið ættuð að stoppa? Er traust mikilvægt í vináttusambandi? Er mikilvægt að geta treyst vini? Af hverju er það mikilvægt? Hvernig verður traust til?

- Í eftirfarandi æfingum fá nemendur að æfa sig með traust. (<http://www.leikhusid.is/bak-vid-tjoldin/thjodleikur/leiklistaraefingar/traustaefingar>)
- Traust-lestin: Hópurinn býr til langa halarófu með því að grípa um axlir á næsta manni. Svo loka allir augunum, nema lestarstjórinn sem er fremstur. Lestin fer af stað og teymir hópinn um rýmið, fyrst hægt, en svo getur hún aukið hraðann. Allir fá að prófa að vera lestarstjórinn.
- Veggurinn: Helmingur hópsins stendur upp við auðan vegg. Einn úr hinum hópnum gengur í átt að veggnum með lokuð augu, hægt og rólega. Þeir sem standa upp við vegginn þurfa að hafa alveg þögn, en þegar sá „blindi“ kemur að þeim eiga þeir að stöðva hann blíðlega. Allir eiga að prófa og læra að treysta.